

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 38 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

C-liður 2. gr. laganna orðast svo: Aðeins er heimilt að færa milli skipa aflahámark sem úthlutað er samkvæmt reglum fyrri málsliðar b-liðar. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um flutning aflahámarks og öðlast hann ekki gildi fyrir en Fiskistofa hefur staðfest flutninginn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög nr. 38 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, gilda um nýtingu síldarstofnsins árin 1998, 1999 og 2000. Í c-lið 2. gr. er sú takmörkun sett á flutning aflahámarks milli skipa að aldrei megi flytja meira af skipi en sem nemur 50% af sama hlutfalli skips úr árlegum heildarafla og sem nam hlutfalli þess af heildarveiði þriggja síðustu vertíða. Samkvæmt þessu ákvæði er mjög mismunandi hversu stóran hluta aflahámarks unnt er að flytja af einstökum skipum og jafnframt breytist heimild einstakra skipa til flutnings milli ára í hlutfalli við breytt hlutfall þess af heildarveiðinni. Í frumvarpi þessu er lagt til að takmörkun á heimild til flutnings aflahámarks verði aflétt gagnvart þeim skipum sem stunduðu síldveiðar á viðmiðunarárunum 1995, 1996 og 1997 og skipum sem komið hafa í þeirra stað. Hins vegar verði óheimilt að flytja aflahámark af þeim skipum sem ekki hafa stundað síldveiðar á viðmiðunarárunum eða komið í stað slíkra skipa. Ástæða þess að hér eru dregin skil á milli áðurgreindra skipaflokka er sú að samkvæmt lögnum eiga öll skip kost á veiðileyfi og aflahámarki og verði heimilt að framselja aflahámark af þeim skipum sem nú fyrst sækja um leyfi til síldveiða má búast við að sótt verði um leyfi fyrir mörg skip í þeim tilgangi einum að flytja af þeim aflahámark.

Rökin fyrir því að þessi breyting á framsali er lögð til er sú að í lok tveggja síðustu vertíða hefur skapast mjög erfið staða. Gildandi lög kveða á um að til endurúthlutunar aflahámarks komi sé slíkt talið nauðsynlegt til að tryggja nýtingu heildarveiðiheimildanna. Síldveiðar einstakra skipa hefjast ekki á sama tíma auk þess sem veiðarnar ganga misvel. Því kemur upp sú staða að þegar eitt skip hefur nýtt aflaheimildir sínar að fullu á annað skip hluta þeirra óveiddan eða hefur jafnvel ekki hafið veiðar. Þar sem aðilar búast við því að til endurúthlutunar komi, sem leiði til aukningar í veiðiheimildum þeirra sem lokið hafa veiðum og skerðingar hjá þeim sem minna eða ekkert hafa fiskað, liggur það skip sem veitt hefur aflaheimildir sínar aðgerðarlaust meðan beðið er eftir endurúthlutun, en mikill þrýstingur verður á aðra að veiða sem mest á sem stystum tíma. Hefur þetta leitt til mikillar keppni í upphafi síldarvertíðar og að dómi margra m.a. valdið því að afli úr norsk-íslenska síldarstofninum hefur

ekki nýst til mannelisvinnslu. Með því að auka heimild til flutnings aflahámarks eins og hér er lagt til verður að telja að skynsamleg nýting síldarkvótans verði betur tryggð en með þeirri skipan sem verið hefur tvær síðustu vertíðir. Ef til endurúthlutunar kæmi mundi hún líklega aðeins taka til ónýttra aflaheimilda skipa sem leyfi fengju á grundvelli síðari málsliðar b-liðar, en á síðustu vertíð námu þær 2–3 þúsundum lesta.

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að aflétta takmörkun á heimild til flutnings aflahámarks milli skipa sem stunduðu síldveiðar á viðmiðunarárunum 1995, 1996 og 1997 og skipa sem komið hafa í þeirra stað. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.